



## Miðsvetrarfundur dómara nefndar KKÍ 5.1.2019

**Dómaranefnd KKÍ** fundaði með dómurum laugardaginn 5.1.2019. Á fundinum var m.a. farið yfir áherslur vetrarins og hvernig gengi að fylgja þeim eftir. Niðurstaða fundarins var að leggja áherslu á eftirfarandi atriði þar sem eftir lifir leiktíðar 2018/19:

**Tímastjórnun** Tímafrestir þegar leikur er stopp eru ekki virtir og atferlið tefur framkvæmd leikja.

- 90 sek fyrir upphaf leiks. Lið eiga ekki að nota meira en 90 sek eftir að dómari kallar þau af velli í lok upphitunar. Þeim er bent á að halda sig innan tímamarka svo leikir hefjist á réttum tíma eða kalla lið sín fyrir af leikvelli.
- Leikhlé eru of löng. Dómarar beðnir um að skerpa á verklagi ásamt því að lið skulu virða tímamörk.

### Starfsfólk ritaraborðs

Mikill munur á fagmennsku félaga hvað þetta varðar. Félög eru hvött til að fela sama fólkinu þessi störf í stað þess að dreifa þeim á marga aðila, sem sumir hverjir hafa enga eða litla reynslu.

### Leikstjórnun

Aðeins aðalþjálfari á að vera í samskiptum við dómara. Í slíkum tilvikum er þjálfari innan síns svæðis og leikurinn er stopp. Talsvert er um að aðrir (t.d. aðstoðarþjálfari) séu í samskiptum við dómara. Þetta á líka við eftir að leik lýkur.

### Vítaskot, öll leikbrot:

Aukning er á leikbrotum í vítaskotum. Einkum að vítaskytta stígi á/yfir vítalínuna áður en knöttur snertir hringinn eða hafnar í körfunni. Dómarar eru beðnir um að fylgjast betur með þessum leikbrotum sem og öðrum brotum við framkvæmd vítaskota.

### Criteria

*Skerpa á 6 atriðum sem rædd voru haustfundu dómara.*

*Óleyfileg notkun handa - Skref - - Lendingarvilla - Fake – Óíþróttamannsleg villa - Framkoma*

- Óleyfileg notkun handa (hand-check)
  - Varnarleikmenn skulu ekki hafa áhrif á hreyfingar sóknarmanna með stífum armi, beinum armi, báðum höndum eða skipta um hendur við að snerta leikmann innan sjónsviðs. Slíkt kann að vera varnarvilla en ávallt þarf að meta hagræði/óhagræði.
- Skref
  - 0-1-2 gengur ágætlega
  - Skref þegar tekið er af stað úr kyrrstöðu þarf að gera betur
- Fake. Varnar og sóknarmenn sem skapa snertingar eiga ekki að fá dæmt fyrir sig
  - Head-fake , krókur, sóknar-flop.

### T villur

- Þegar dæmdar eru T og U villur þarf að vera algjörlega á hreinu hvernig leik skal framhaldið og hvaða tími skal vera á skotklukku.



## U- villur

Samræmi um hvenær U villur eru dæmdar er að aukast. Athygli er vakin á því að sama mat skal lagt á öll atvik óháð stöðu í leik og leiktíma. Leikmenn sem eru að reyna að brjóta undir lok leikja þurfa þannig að reyna (og eiga möguleika á) að leika knettinum eins og á öðrum tíma í leiknum.

- Það má beita hagnaði þó U villur séu í boði:
  - <http://www.championsleague.basketball/18-19/news/tough-calls-week-4>
    - - case 5
- Olnbogi í höfuð/andlit er ekki endilega D, má vera U
  - <http://www.championsleague.basketball/18-19/news/tough-calls-week-7>
    - - case 3

## D- villur

Í vetur og undanfarin ár eru að koma upp tilfelli þar sem, við nánari skoðun hefði átt að beita brottrekstrarvillu en dómara hafa beitt vægari refsingu. Dómarar geta því miður sjaldan treyst á að IRS búnaður sé til staðar og eru hvattir til að undirbúa sig betur til að taka á atvikum þar sem etv þarf að beita brottrekstri.